



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 2021

2103033SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (mennta- og menningarmál), 585. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 16. mars, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Markmið frumvarpsins er að skýra lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga í ýmsum lögum sem lúta að starfsemi sem heyrir undir málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Margþætt starfsemi sveitarfélaga byggir á lögum á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ber þar helst að nefna lög um leikskóla nr. 90/2008 og lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Frumvarpið hefur verið unnið í góðu samstarfi við sambandið og þar má finna nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga t.d. í leik- og grunnskólum. Við vinnslu frumvarpsins var horft til þess að afnema hindranir í skólakerfinu með því að veita þeim stofnunum og aðilum sem veita börnum lögbundna þjónustu heimildir til vinnslu nauðsynlegra persónuupplýsinga en gæta samhlíða að því að réttindi einstaklinga séu tryggð, m.a. með hliðsjón af meðalhófi.

Sambandið leggur ríka áherslu á að frumvarpið verði sem fyrst að lögum til að tryggja lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Einnig er nauðsynlegt að hefja strax undirbúning og samráð um gerð reglugerða um vinnslu persónuupplýsinga í leik- og grunnskólum í samræmi við 1. og 4. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri